

Þskj. 1103, 737. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar o.fl.),

# Umsögn

Sendandi: Helgi Þórsson

*Lagt er til að 2. grein frumvarpsins falli brott, en þar er lýst yfir eignarhaldi ríkisins á almenningum í stöðuvötnum.*

Eignarhald á almenningi í stöðuvötnum er mikilvægt mál og snertir margt fólk á fjölmörgum stöðum. Breyting á eignarhaldinu þarf meiri umfjöllun en er í skýringum frumvarpsins, auk þess sem frumvarpsákvæðið er ekki skýrt varðandi áhrif á veiðirétt, nágrannarétt og ef til vill fleira. Frumvarpsgreinin ásamt skýringum svarar ekki eðlilegum spurningum þeirra sem eiga netlög í stöðuvötnum og mundu fá viðbótarnágranna ef hún yrði að lögum.

Eðlilegt er, að forsætisráðuneytið fari vandlega yfir greinina og leggi fram frumvarp aftur ef tilefni verður talið til að lokinni dýpri yfirferð. Í slíku frumvarpi væri eðlilegt að fjalla líka um önnur verðmæti sem talin eru eigendalaus, eins og forsætisráðherra vék að undir lok framsöguræðu sinnar um frumvarpið sem hér er til umsagnar.

## Veiðiréttur

Tryggt þarf að vera að frumvarpsgreinin, verði hún að lögum, hrófli ekki við veiðirétti sem er vel mótaður í lögum um lax- og silungsveiði og að væntanlegur eigandi almenningsins geri ekki tilkall til veiðiréttar. Eðlilegt væri að tilgreina veiðirétt sérstaklega sem réttindi sem leiðir af öðrum lögum og þetta ákvæði breytir ekki, til dæmis:

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast ~~veir~~ þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Íslenska ríkið er jafnframt eigandi almenninga stöðuvatna, nema að því leyti sem réttindi í þeim leiði af lögum eða aðrir sanni að þeir eigi réttindi þar. Veiðiréttur fylgir þeim sem rétt eiga að vatnsbakka, sbr. 6. og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um almenninga stöðuvatna fer eins og þjóðlendur.

Ekki er ljóst hvort almenningur í stöðuvatni, verði hann eign ríkisins, muni teljast fasteign. Fari svo, þá er enn brýnna að fram komi að sú eign falli ekki undir 6. gr. laga um lax- og silungsveiði, þar sem segir,

Fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins ...

en einnig að 9. gr. laga um lax- og silungsveiði um „aðskilnað veiðiréttar frá fasteign“ eigi ekki við um almenninga í stöðuvötnum, enda fylgir þeim ekki sjálfstæður veiðiréttur.

## Umferðarréttur

Umferð um vötn er heimil skv. vatnalögum, þótt unnt sé að takmarka hana í ákveðnum tilvikum. Tryggja þarf að umferðarréttur veiðimanna um almenning skerðist ekki, en jafnframt að önnur nýting á almenningi, ef til hennar kemur, valdi ekki óþægindum við vatnsbakka.

## Eðli almennings í stöðuvatni

Í greinargerð frumvarpsins segir m.a.:

Þótt almenningar stöðuvatna liggja þannig utan landamerkjia aðliggjandi landareigna hafa komið fram efasemdir á fræðilegum vettvangi um hvort þeir falli undir þjóðlenduþugtak gildandi laga.

Ekki er gerð grein fyrir þessum efasemdum. Þar með er ekki hægt að sjá hvar greini á milli og hvort málsliðurinn „Um almenninga stöðuvatna fer eins og þjóðlendu“ í frumvarpsgreininni nægi til þess að ekki verði teknar ákvarðanir eða settar sérstakar reglur um almenningana sem ekki gengi að setja um þjóðlendu.

## Þingvallavatn

Fjallað hefur verið um almenning í Þingvallavatni í opinberum skjölum og á vettvangi veiðifélags Þingvallavatns þannig að það gæti skipt máli varðandi þau réttindi sem getið er um í frumvarpinu.

Forn venja um veiði utan netlaga í Þingvallavatni er að hver jörð sem land á að vatninu eigi veiðirétt fyrir sínu landi út í mitt vatnið til móts við ábúandann gagnvart sér. Þetta kemur m.a. fram í landamerkjaskrá Nesjavalla frá 27. mars 1886 og í „Samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni“ sem stjórnarráð Íslands birti 29. ágúst 1911.

Á aðalfundi Veiðifélags Þingvallavatns 28. apríl árið 1973 var rætt um botnréttindi eins og fram kemur í fundargerð:

Sigurður Ólason sem mættur er á fundinum að tilhlutan Forsætisráðuneytisins biður bókað að ekki komi til mála að samþykktin frá 29.-8. 1911 sé í gildi, heldur fari um þessi mál eftir 4. gr. 1. mgr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. og 8. gr. 1. mgr. laga nr. 76/1970. Hann telur ríkisvaldið vera eiganda að botni og hugsanlegum botnverðmætum í almenningi vatnsins (þ.e. utan 115 m landbeltis) og geymir umbjóðendum sínum allan rétt til þess að fylgja því réttartilkalli eftir ef eða þegar ástæða þykir.

„Í tilefni bókunar talsmanns forsætisráðuneytisins er að framan greinir lýsir fundurinn yfir því að hann mótmæli bókuninni og þeim fullyrðingum, sem þar koma fram um gildi samþykktar um silungsveiði í Þingvallavatni frá 29. ágúst 1911 og eignarétt að botni og botnverðmætum í Þingvallavatni“

Samþykkt samhljóða

Ekki kemur fram hvert var tilefni gestkomunnar. Ekki er vitað hvort viðræður hafi verið milli ráðuneytis og félagsins fyrir og eftir fundinn, né hvort almennar umræður hafi verið á þessum tíma um botnréttindi í vatninu. Það skiptir þó ekki máli fyrir málefnið sem hér er rætt, botnréttindi í almenningi.

Af bókun lögmannsins verður að skilja, að samþykktin frá 1911 hafi ekki bara varðað silungsveiði, heldur líka verið talin tengjast eignarhaldi á vatnsbotni í almenningi Þingvallavatns.

## Hvar eru almenningar?

Af skilgreiningu vatnalaga á almenningi leiðir, að depill á vatni sem er meira en 115 m frá landi á alla vegu er í almenningi. Óvíst er hvort til sé skrá um slík vötn, en Orkustofnun gaf út „Stöðuvötn á Íslandi, skrá um vötn stærri en 0,1 km<sup>2</sup>“ (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Slík vötn voru talin um 1850 á landinu öllu. Gera má ráð fyrir að vötn þar sem er almenningur séu álíka mörg. Frumvarpsgreinin varðar því ekki bara stærstu vötn landsins.

Með því að skoða loftmyndir er unnt að fara nærri um það í hverju einstöku vatni hvort þar sé almenningur. Eftirfarandi dæmi sýna umfang málsins.

Í Reykjavíkurtjörn virðist ekki vera almenningur vegna þess að netlög fylgja hólmunum.

Tjörnir í Kerinu í Grímsnesi er það lítil, að þar er ekki almenningur.

Almenningur er í flestum vötnum í nágrenni Reykjavíkur, s.s. Hvaleyrvatni, Rauðavatni, Vífilsstaðavatni, Leirvogsvatni, Elliðavatni, Hraunhúsatjörn, Reynisvatni, Langavatni og Urriðavatni, einnig í Stóralandstjörn við Þingvallaveg austarlega í Mosfellsheiði.

Almenningur er t.d. í Hlíðarvatni í Selvogi, í Svínavatni í Grímsnesi og í þekktum vötnum við hringveginn, s.s. Urriðavatni í Fellum, Másvatni, Ljósavatni og Vatnshlíðarvatni á Vatnskarði.

Framangreind umfjöllun um álitamál varðandi almenninga í stöðuvötnum sýnir að frumvarpsgreinin svarar ekki eðlilegum kröfum um skýrleika.

Reykjavík 20.mars 2024

Helgi Þórsson, kt. 230451-4519